

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur.

1. gr.

Við 1. gr. bætast fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:

44. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/407 frá 11. mars 2015 um að samþykkja própan-2-ól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4, sem vísað er til í tl. 12xx, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2015, þann 30. apríl 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 46 frá 20. ágúst 2015, bls. 788-790.
45. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/416 frá 12. mars 2015 um að samþykkja dínótefuran sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 18, sem vísað er til í tl. 12xx, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2015, þann 11. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 526-528.
46. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/417 frá 12. mars 2015 um að samþykkja Bacillus sphaericus 2362, sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 18, sem vísað er til í tl. 12xx, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2015, þann 11. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 529-531.
47. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/419 frá 12. mars 2015 um að samþykkja tólýlflluanið sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 21, sem vísað er til í tl. 12xx, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2015, þann 11. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 46 frá 20. ágúst 2015, bls. 862-865.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/407 frá 11. mars 2015 um að samþykkja própan-2-ól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/416 frá 12. mars 2015 um að samþykkja dínótefuran sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 18.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/417 frá 12. mars 2015 um að samþykkja Bacillus sphaericus 2362, sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 18.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/419 frá 12. mars 2015 um að samþykkja tólýlflluanið sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 21.

Nr. 929

5. október 2015

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 5. október 2015.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2015